

Ágæti íbúi í Hamrahverfi



TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA

Reykjavíkurborg byrjar á næstunni að sérsafna lífrænum eldhúsúrgangi í Hamrahverfi.

Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar um sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi. Hamrahverfi verður annað hverfið í Reykjavík þar sem lífrænum eldhúsúrgangi er safnað sérstaklega. Um er að ræða tilraunaverkefni, sem ætlað er að standi út árið, þangað til ákvörðun verður tekin um fyrirkomulag söfnunar á lífrænum eldhúsúrgangi í Reykjavík.

Lífræni úrgangurinn verður meðhöndlaður í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi og úr honum unnið metan og jarðvegsbætur.

Helstu upplýsingar um verkefnið:

- Við upphaf verkefnisins er ílátum fyrir söfnun í eldhúsi og rúllu af maíspokum dreift til allra heimila í Hamrahverfi. Einnig er hægt er að nota bréfpoka undir úrganginn en mikilvægt er að nota ekki plastpoka.
- Nýrri tunnu, brúntunnu, verður á næstunni dreift til allra heimila. Stærð tunnunnar er 140 lítrar (hæð 107 cm, breidd 48 cm og dýpt 55 cm).
- Gæta þarf að því að hnýta vel fyrir pokana áður en þeir eru settir í brúntunnuna til að halda ílátinu hreinu og forðast lykt.
- Eldhúsbréf má setja í brúna tunnu, en ekki má setja úrgang sem hugsanlega getur verið sóttmengaður, t.d. snýtipappír.
- Hirðutíðni er óbreytt. Brúntunnan verður tæmd samhliða grátunnu á 14 daga fresti. Notaður verður tvískiptur hirðubíll þar sem efnið úr tunnunum fer í sitthvort hólfíð.
- Sorphirðugjöld breytast ekki á meðan tilraunaverkefninu stendur. Með aukinni flokkun skapast tækifæri til að fækka grátunnum eða skipta yfir í smærri gráa tunnu (spartunnu). Húseigendur og forsvarsmenn húsfélaga geta óskað eftir breytingu með tölvupósti á sorphirda@reykjavik.is.
- Nánari flokkunarleiðbeiningar verða á öllum ílátum en þær eru einnig á bakhlið þessa blaðs og á vefsíðunni www.ekkirusl.is.

Ef þú þarft frekari upplýsingar eða vilt koma á framfæri ábendingum eða kvörtunum, er hægt að gera það í síma 411 1111 eða með því að senda ábendingu til sorphirðu Reykjavíkurborgar á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Takk fyrir að taka þátt í þessu verkefni með okkur.



BRÚNTUNNA
FYRIR LÍFRÆNAN
ELDHÚSÚRGANG



GRÁTUNNA
FYRIR BLANDAÐ
HEIMLISSORP



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar